

Suðurnesjabær  
Sunnubraut 4  
250 Suðurnesjabæ

Garðabær, 12. ágúst 2025  
202507-0120/A.B.  
08.02

## Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022–2034 og nýtt deiliskipulag fyrir Bergvík

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar vegna skipulagslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022–2034 og nýs deiliskipulags fyrir Bergvík, dags. 22. júlí 2025. Skipulagslýsingin nær til þróunarsvæðis sem samkvæmt K64 þróunaráætlun er ætlað til uppbyggingar hringrásariðnaðar, orkuskipta og nýsköpunar í Bergvík, með tengingu við Helguvík.

Í lýsingu kemur fram að svæðið sé að hluta þegar nýtt undir iðnað, en gert er ráð fyrir verulegri frekari uppbyggingu atvinnustarfsemi í samræmi við framtíðarsýn um svokallaðan hringrásariðngarð. Skipulagssvæðið nær að strönd norðaustanverðs svæðisins og liggur að hverfisverndarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi, einkum vegna fjölbreytts fuglalífs á klettaströnd. Samkvæmt lýsingu verður gerð sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.

Skipulagssvæðið í Bergvík í Suðurnesjabæ er staðsett á milli Garðskagavegar að vestan og strandar að austan, við sveitarfélagamörk að Reykjanesbæ í suðri og að golfvelli Golfklúbbs Suðurnesja í norðri. Um er að ræða láglend svæði með lággróðri og opnu landslagi, að hluta áður raskað vegna iðnaðarstarfsemi. Á norðausturjaðri svæðisins eru Bergvötn og strandlengja sem nýtur hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi vegna fjölskrúðugs fuglalífs og lífríkis á klettaströnd.

### Forsendur - Náttúruverndarmarkmið sveitarfélagsins

Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022–2034 kemur fram skýr stefna um vernd lífríkis, landslags og líffræðilegrar fjölbreytni. Sérstök áhersla er lögð á vernd strandlengju, fuglabúsvæða og viðkvæmra vistkerfa, m.a. með hverfisvernd og stýringu umferðar um viðkvæm svæði. Stefnit er að því að nýta náttúrulegt umhverfi til útivistar og fjölbreytts atvinnulífs, með vernd að leiðarljósi.

Skipulagssvæðið liggur að svæðum sem njóta hverfisverndar vegna fjölbreytts fuglalífs og lífríkis á klettaströnd. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að náttúruverndarmarkmið sveitarfélagsins verði höfð að leiðarljósi sem grundvallarforsenda við mótun aðalskipulagsbreytingarinnar og við gerð umhverfismats. Slíkt tryggir að

stefnumörkun í skipulagi styðji við lögbundin markmið um sjálfbæra þróun og verndun náttúru Íslands.

### **Gróður og vistgerðir**

Í skipulagslýsingunni er tilgreint að lagt verði mat á áhrif á vistkerfi á landi, með sérstakri áherslu á mikilvæg fuglasvæði og gróið land. Samkvæmt töflu 1 um matsþætti, viðmið og matsspurningar er fyrirhugað að svara spurningunni: „*Hefur stefnan áhrif á lykilvistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði eða gróið land?*“

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að þessi þáttur verði útfærður nánar við gerð skipulagstillögu og í umhverfismati. Þótt hluti skipulagssvæðisins sé þegar raskaður, er líklegt að þar geti enn verið vistgerðir, svo sem l yngmóavist á láglandi eða stinnastaravist, sem geta haft hátt verndargildi samkvæmt vistgerðaflokkun. Slíkar vistgerðir geta einnig fallið undir verndarskyldu samkvæmt alþjóðasamningum eins og Bernarsamningnum.

Náttúruverndarstofnun leggur því áherslu á að gerð verði vistgerðagreining fyrir svæðið áður en endanleg skipulagstillaga og umhverfismat liggja fyrir. Þannig má tryggja að áhrif á náttúrulegt gróðurfar verði metin og mótvægisáðgerðir skilgreindar ef ástæða er til.

### **Fuglalíf og mikilvægt fuglasvæði Rosmhvalaness**

Skipulagssvæðið í Bergvík liggur að strandlengju sem nýtur hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Suðurnesjabæjar, einkum vegna fjölskrúðugs fuglalífs og lífríkis á klettaströnd. Svæðið er jafnframt hluti af stærra svæði við Rosmhvalanes sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Í skipulagslýsingu er tilgreint að við gerð umhverfismats verði lagt mat á áhrif á mikilvæg fuglasvæði og líffræðilega fjölbreytni. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að við slíkt mat verði stuðst við viðeigandi löggjöf og alþjóðlegar skuldbindingar. Þar ber sérstaklega að nefna:

- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á fuglum og villtum spendýrum,
- Bernarsamninginn um verndun náttúrulegra búsvæða og fuglategunda,
- Alþjóðlega verndarskyldu Íslands gagnvart fjölda varpfugla, m.a. spóa, lóa og æðarfugli, sem eru ábyrgðartegundir hérlendis.

Við gerð skipulagstillögu og umhverfismats þarf að greina hvort fyrirhuguð uppbygging, t.d. iðnaðarstarfsemi, orkuvinnsla eða umferð, geti haft áhrif á fuglalíf, bæði með beinum röskunum á búsvæðum og óbeinum hætti, t.d. með hávaða eða ljósamengun. Sérstaklega þarf að skoða:

- Varpsvæði, fæðusvæði og viðveru fugla á viðkvæmum tímum árs,
- hvernig framkvæmdasvæði og mannvirki geti truflað farfugla eða viðveru sjófugla við strönd,

Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að fuglalíf á og við skipulagssvæðið verði metið á faglegan og sjálfstæðan hátt áður en tillaga að skipulagi er lögð fram. Þannig má tryggja að

tekið sé tillit til lagaskyldna og verndarskuldbindinga og að mótvægisáðgerðir verði skilgreindar þar sem ástæða er til.

### **Aðgengi**

Skipulagssvæðið í Bergvík liggur að strandlengju sem nýtur hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Suðurnesjabæjar. Í aðalskipulagi er jafnframt lögð áhersla á að tryggja útivistarmöguleika og aðgengi almennings að ströndinni, í samræmi við stefnu um náttúruvernd og sjálfbæra nýtingu strandsvæða.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að tryggt verði áfram opið og óhindrað aðgengi almennings meðfram strandlengjunni í Bergvík. Slík stýring umferðar getur bæði aukið útivistargildi svæðisins og verndað viðkvæm búsvæði, sé hún rétt útfærð.

### **Landslag**

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að slíkt mat verði unnið með skýrum tilvísunum í 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem kveðið er á um skyldu til að huga sérstaklega að vernd landslags og ásýndar lands við gerð skipulagsáætlana og leyfisveitingar. Í því felst meðal annars að:

- meta þurfi áhrif uppbyggingar á sjónræn einkenni svæðisins frá þjóðvegum, ströndum og opnum svæðum,
- skoða þurfi áhrif á landslagsupplifun og tengsl við hverfisverndarsvæði og náttúrulega strandleið,
- og skilgreina viðeigandi mótvægisáðgerðir ef uppbygging hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

**lögfræðingur**